

EFTIRLITSSKÝRSLA

Nesbik ehf Krossanes, Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	1.9.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Nesbik ehf	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Óseyri 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	681207-2520	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steindór Sigursteinsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar öryggisblöð og ein athugasemd var gerð er varðar að rekstrarhandbók var ekki á staðnum.

UMFANG EFTIRLITS

Þetta er fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar í Nesbik ehf. en nýtt starfsleyfi var gefið út þann 30. sept. 2015.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Áætlum skv. starfsleyfi hefur verið skilað til eftirlitsaðila. Einnig hefur staðfestu afriti af tryggingu skv. gr. 2.8 í starfsleyfi verið skilað en enn á eftir að skila verklagsreglum um löngun olíu sbr. gr 3.4 í starfsleyfi.

Fáir starfsmenn og litlar mannbreytingar eru í stöðinni. Flestir starfsmenn eru með ADR réttindi. Endurmenntun er sett upp eftir þörfum en ekki er fylgt ákveðnu plani er það varðar.

Olíuskilja hefur ekki verið þjónustuð og bent er á að það þurfi að gera hið fyrsta og síðan reglulega á sex mánaða millibili.

Áfyllingaplan er malbikað.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila. Eitt minniháttar mengunaróhapp varð er verið var að dæla á bíl og freyddi uppúr. Minnt er á að öll óhöpp þarf að tilkynna til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina. Lokar í steyptri lekavarnarpró sem geymir lífólíugeymi og terpentínu eru ekki sjálfvirkir en stóðu þeir lokaðir.

Frávik frá

Gr. 3.9 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Öryggisblöð voru ekki til staðar við eftirlit.

ATHUGASEMDIR

Gerð er athugasemd við að rekstrarhandbók var ekki á staðnum en að sögn rekstraraðila þá er hún í vinnslu.

ANNANÐ

Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hefur haft stöðina á leigu og gildir leigusamningur fram að næstu áramótum. Stöðin hefur verið seld Norðurbíki ehf. frá 1. sept. sl.


Minnt er á að gera þarf mælingar skv. gr. 4.2 fyrir árslok 2016 og yfirfara þarf skiljuna á sex mánaða fresti skv. gr. 3.5. Botnþykktarmæla þarf geyma á 10 ára fresti og er fyrsta mæling árið 2018.

Viðstödd eftirlitið var María Markúsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Reykjavík, 20.09.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir